

Á milli.

(Interludium.)

I.

Í ritgerð, sem er að koma út, kallar Guðmundur Björnsson landlæknir Íslandslýsingu próf. dr. Þorvaldar Thoroddsens ágæta bók.

Eg efast ekki um, að ýmislegt gott má um Þorvald með sanni segja; en ekki að hann skrifi ágætar bækur; hann hefir hvorki þá eftirtekt eða þá hugkvæmd, þann skilning eða þá samvitzkusemi, sem þarf til að skrifa ágæta vel.

Þessi bók Þorvaldar, sem hér ræðir um, er yfirleitt lipurt samín, og kaflar í henni mega óefað teljast góðir; en á köflum er bókin aftur samín af alveg óleyfilegri vanþekkingu á efninu.

Eg ætla að gamni mínu einungis að minnaast á smámuni, hjá sumu sem telja mætti. Próf. Þorvaldur minnst ekki á hin merkilegu grágrýtishraun úr Þórðarhöfða austan við Skagafjörðinn, og ekki á, að Þórðarhöfði sé eldfjall. Um þetta hefir þó verið getið í riti, sem var prentað 1905. Ekki heldur getur hann um, að Örafajökull hefir gosið hrauni; frá þessu var fyrst sagt í ritgerð 1907. Próf. Þorvaldur getur að vísu sagt, að hann hafi ekki tekið eftir

Að finna að manni er vel gert, þegar það er rétt gert. Og það getur verið ekki óskentileg aðferð til að launa ilt með góðu, þegar ástæður leyta ekki aðrar ennþá skentilegri.

Þessu sjálfur þegar hann fór um; en það er engin afsökun, úr því að honum gat verið kunnugt um, að eftir þessu hafði verið tekið af öðrum.

II.

Landlæknir segir, að próf. Þorvaldur sé „vor frægasti fræðimaður“. Þetta getur satt verið; en ekki þykir mér ólíklegt, að hinn lærði höfundur landfræðisögunnar sé nokkru meira virður en hann er verður. Annars er vafasamt, hvort Íslendingar mega svona alveg hiklaust telja sér Þorvald Thoroddsen. Því að sjálfur hefir hann á prenti sagt vera danskur („os danske“). Þetta virðist dálítið undarlegt, þar sem enginn vafi hefir verið talinn á því, að Þorvaldur Thoroddsen væri íslenskur að ætterni, og hefir mér jafnvel verið að koma í hug, hvort hann væri ekki í beinan karllegg kominn af Þorvaldi Snorrasyni, sem var einn af mestu niðingum sinnar aldar, en annars stórættadur maður og atkvæðamaður mikill.

Það er ekki ólíklegt, að Þorvald Thoroddsen muni einhverntíma langa til að geta haft eitthvað gott sér til af-

sökunar á dómsdegi fyrir þetta sem minat var á, og ef til vill eitthvað fleira. Og þá gæti verið nógu vænlegt fyrir hann, að hafa t. a. m. hjá kjörþjóð sinni Dön-um, gerzt forgöngumaður að samskotum til þeirra, sem tjón biðu af jarðskjálftunum í fyrra. Próf. Þorvaldur er fróður í sögu Íslendinga, og enginn mun honum jafnfróður um það tjón, sem Íslendingar hafa beðið af jarðskjálftum. Og þegar Danir eru fræddir um slíkt, og sannfræddir um afskifti hinna fyrri Dana af högum Íslendinga, þá virðist ekki ólíklegt, að góðir menn með þeirri efnuðu þjóð, mundu verða fegnir hverju færi sem þeim gæfist á að gera gott þar sem forfeður þeirra gerðu svo mikið ilt.

III.

Landlæknirinn virðist vilja halda því fram, að Íslendingar hafi á umliðnum öldum ekki átt verra uppdráttar en aðrar þjóðir á Norðurlöndum og víðar.

Þetta er atriði, sem mikið riður á að skilja rétt. Hefði landlæknirinn rétt fyrir sér, þá væri Íslendingar óefnilegasta þjóðin á Norðurlöndum. Því að flest menning er hér skemmra á veg komin en annarastaðar, og vér höfum ekki margt annað en málið fram yfir aðrar þjóðir.

En á því er enginn vafi, að landlæknirinn hefir þarna ekki rétt fyrir sér. Íslendingar hafa átt miklu verra uppdráttar en aðrar þjóðir.

Þessi einfaldni t. a. m., sem er eitt af vorum erfiðustu þjóðarmeinum, kemur ekki af meðfæddri gáfnatregðu, ekki af því, að á Íslandi geti ekki fæðst aðrir eins gáfumenn eins og í öðrum löndum, heldur af bágindum og fátækt. Síðan kaþólsk kirkja náði undir sig eignum hins íslenzka stórmennis, sem borið hafði uppi menningu þjóðarinnar, hefir hér í fásinninu aldrei verið til nein sannnefnd mentastétt, flestallir urðu að vera einhverskonar atvinnumenn og þjóna til hinna sönnu drotna þjóðarinnar, og svo auðvitað þeirri drotningu, sem heitir heimska. Afburða atgjörvi leiddi vanalega til þess, að menn urðu að kryplingum og útilegumönnum á einhvern hátt; og mætti hér jafnvel fara svo langt aftur í aldir að nefna sjálfan Eysteín Ásgrímsson. Frá öldinni sem leið má nefna til dæmis prófessorana Konráð Gíslason og Guðbrand Vigfússon, skáldið og vísindamanninn Jónas Hallgrímsson og skáldið Gest Pálsson. Allir urðu menn þessir útilegumenn; enginn þeirra varð eins frægur og ágætur og atgjörvið var til. Tveir hinir fyrrnefndu voru erlendis og utan við íslenzkt þjóðlíf mestan hluta ævi sinnar; þeir virðast hafa fengið hálfgerða óbeit á Íslendingum samtíðar sinnar; höfðu lítinn skilning á sambandinu milli nútíðar og fortíðar, og gerðu sér víst litlar hugsanir um framtíðina. Og auðvitað var þetta þjóðinni miklu fremur að kenna, en þeim sjálfum. Því að

hvar var athvarfið fyrir þessa efnilegu syni þegar þeir þurftu á því að halda?

Skáldin sem nefnd vóru, dóu bæði erlendis í aumlegri fátækt, og manni rennur til rifja að hugsa til þeirra síðustu stundirnar og jafnvel áður. Áttu þessi skáld þó fáa sína líka á Norðurlöndum, og Jónas ef til vill engan. —

Og allir vóru þessir menn, sem eg nefndi, til þess gerðir að vera „salt jarðar“, og óvinir einfeldninnar.

IV.

Það er fljótséð, að feikna munur hlýtur að hafa verið á ævikjörum Íslendinga og Norðmanna austan hafsins. Síðan á 13. öld hafa Norðmenn hérumbil tífaldast; en Íslendingum hefir á sama tíma fækkað; þeir eru ennþá ekki eins margir og þeir vóru á 13. öld, og kemur þó fleira til greina en talan tóm. Nú mun engum koma til hugar að halda því fram, að þessi afar-efirtektarverði munur á fólksfjölgun stafi af því, að íslenskir karlmenn og kvenmenn sé í eðli sínu ófúsari til ásta, heldur en bræður þeirra og systur í Noregi. Eða varla mun sá munur hafa verið mikill, þrátt fyrir allan „kristindóm“, áður en stóridómur kom til sögunnar. Og eftir það var það, sem Jón fór út í hesthús og hengdi sig, jafnvel þó að hann væri trúlofaður Gunnu. Pilturinn hét nú raunar ekki Jón, og stúlkan ekki Gunna; það stendur á

sama um nöfnin í þessu sambandi og þetta er auðvitað ekki annað en nokkurskonar skáldsaga; en hún er ósögð enn, og væri þó þess verð, að segja hana.

Fjölgunarmunurinn á Norðmönum og Íslendingum mun mest stafa af barnadauða meiri hér, og nokkuð af meiri fátæktarerfiðleikum á að taka saman til hjúskapar; og fleiru. Og fróðlegt væri að fá alt þetta efni rannsakað sem nákvæmlegast.

En niðurstaðan er glögg; sú að Íslendingar hafa átt hérumbil tíu sinnum erfiðara uppdráttar en Norðmenn. Og þegar vér höfum þetta fyrir augum, skilst oss, að Íslendingar muni ekki vera óefnilegasta þjóðin á Norðurlöndum.

Enda sjáum vér nú þegar gróandann í þjóðinni við batnandi kjör og minkandi einfeldni, jafnvel þó að menn sé ekki ennþá orðnir samtaka um að vilja ekki annað en góða kornvöru og góðan brauðmat; jafnvel þó að menn sé ekki ennþá einráðnir í að láta það vera aðalatriði í mentun, að læra sem fyrst að skemma hvorki sína heilsu né annara frekar en ástæður gera alveg óumflýjanlegt; og jafnvel þó að mörgum finnist það réttlátt ennþá, að mestur hluti þeirra manna, sem einkum hafa hug á að starfa að mentun þjóðarinnar, sé með því dæmdur til einlífis eða fátæktar og afmentunar.